

Samantekt forsetanefndar um skipan og greiðslur vegna ráða og nefnda

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum tvöfaldaðist fjöldi framboða með fulltrúa í bæjarstjórn og fór úr 4 í 6. Í bæjarstjórn sitja 11 fulltrúar og í ráð bæjarins eru kjörnir 5 fulltrúar. Í kjölfar kosninganna urðu umræður meðal kjörinna fulltrúa um hvernig haga mætti skipan í ráð og nefndir í ljósi þessara breytinga.

Fyrir fyrsta bæjarstjórnarfund kjörtímabilsins varð samkomulag um að leggja fram sameiginleg framboð fulltrúa í ráð bæjarins fyrir fyrsta ár tímabilsins, þannig að fyrir hönd minnihlutans væri tveimur fulltrúum tryggð sæti í öllum ráðum. Ennfremur var þar samkomulag um að því til viðbótar fengi minnihlutinn tvo áheyrnarfulltrúa í öllum ráðum. Í reynd taka þannig þátt í störfum ráða 7 fulltrúar, þ.e. 3 fulltrúar meirihluta og 4 frá minnihluta. Á þetta fyrirkomulag var fallist við skipan til fyrsta árs kjörtímabilsins með þeim fyrirvara að þessi mál yrðu skoðuð nánar og var eftirfarandi samþykkt samhljóða á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar 20. júní 2018:

„Bæjarstjórn samþykkir að fela forsetanefnd að hefja strax endurskoðun reglna bæjarins sem lúta að skipan í ráð og nefndir og greiðslur fyrir þau störf. Þeirri endurskoðun ljúki fyrir 1. október næstkomandi.“

Nú stendur yfir vinna að endurskoðun samþykktar bæjarins þar sem fjallað er um skipan og störf ráða og nefnda og stendur gagnaöflun yfir. Til skoðunar hafa verið fundartímar og tíðni funda í ráðum, sem mundu hafa áhrif á störf þeirra. Þá er að hefjast úttekt á stjórnarsýslu bæjarins sem kann að hafa áhrif á þau mál sem hér eru til skoðunar. Í ljósi þessa leggur forsetanefnd til að breytingum sé frestað um sinn.